# VORRÁÐSTEFNA
## Ráðgjafar- og greiningarstöðvar 2022

## Virkni og velferð í tónlistarnámi

- Tónstofa Valgerðar
- Músíkbarnið
- Mikilvægi tónlistar
- Nemendahópurinn, virkni hans og velferð

© Tónstofa Valgerðar

# Tónstofa Valgerðar

- Tónstofan var stofnuð haustið 1986.
- Hún starfaði í 12 ár (1987-2000) að hluta til sem sérdeild innan Tónmenntaskóla Reykjavíkur.
- Foreldra- og styrktarfélag Tónstofunnar var stofnað árið 2000.
- Áfangasigur náðist árið 2002 þegar fræðsluráð gerði þjónustusamning við Tónstofuna (1 stöðugildi).
- Árið 2004 hlaut Tónstofan sérstakt samþykki menntamálaráðuneytisins til reksturs tónlistarskóla samkvæmt lögum nr. 75/1985.
- Leiðrétting á þjónustusamningi Tónstofunnar og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fékkst í janúar 2013.
- Í dag starfa 6 kennarar í Tónstofunni í um fjórum stöðugildum.

© Tónstofa Valgerðar

- Á skólaárinu stunda 138 einstaklingar nám í Tónstofunni.
- Þeir koma af öllu Stór-Reykjavíkursvæðinu.
- Þeir eru á aldrinum 3 til 63 ára.
- 54% nemendanna eru 18 ára og eldri.
- Kennsla fer fram í einstaklingstímum og í hóptímum af ýmsu tagi ef geta leyfir.
- Lengd kennslustunda er breytileg, 30 - 60 mínútur í senn einu sinni til tvisvar í viku.
- Kennsla fer fram virka daga frá 8-6.
- Komið er til móts við nemendahópinn með fjölbreyttu hljóðfærasafni, bæði hefðbundnu og óhefðbundnu, sem og með fjölbreyttum viðfangsefnum.
- Starfsstöðvar Tónstofunnar eru 4: í skólanum á Stórhöfða, í frístundaheimilinu Öskju í Klettaskóla, í Hvassaleitisskóla og í Bjarkarási.

© Tónstofa Valgerðar

Mikilvægi Tónstofunnar felst m.a. í því að standa vörð um réttindi fólks með fötlun til að nýta og þróa hæfileika sína og til að stuðla að virkri þátttöku þeirra í menningarlífi og listum.

© Tónstofa Valgerðar






TAKK!
REFUGEES




Hugtökin útilokun, aðskilnaður, samþætting
og inngilding eru samofin sögu Tónstofunnar.

TÓNSTOFA VALGERÐAR



# MÚSÍKBARNIÐ



Grundvöllur námsframboðs Tónstofunnar  er „Músíkbarnið“ sjálft og þau heilsubætandi áhrif og lífsgæði sem tónlistarnámið getur haft í för með sér, sé vel að því staðið.

Músíkbarnið bregst við og tekur þátt í tónlist þrátt fyrir takmarkanir, sjúkdóma og fatlanir.

© Tónstofa Valgerðar

# MÚSÍKBARNIÐ

Hugrakkt Gefandi Hæfileikaríkt Einstakt Skapandi Blítt Þolinmótt

Hugmyndaríkt Forvitið Tónnæmt Úrræðagott Áhugasamt Glaðlynt



© Tónstofa Valgerðar

# Mikilvægi tónlistar



Fóstur nemur hljóðtitring og hljóðáreiti frá 4. fósturmánuði.

Tónnæmi barna byggist á tilfinningalegum viðbrögðum við tónáreiti og er til staðar frá fæðingu. Tónlistin er okkar fyrsta móðurmál – frummál, samskiptatæki sem er frábrugðið öllum öðrum.

Tónlistarhæfni er geta manna til að skapa eða flytja tónlist.

Fjölgreindarkenning Howard Gardner. Greindarhugtakið á að ná yfir alla getu fólks til að vinna úr upplýsingum og til að skapa eitthvað nýtt.

Aukin tónlistarreynsla í barnæsku mun leiða til aukins tónlistarþroska – efla tónnæmið.

Er tónlistarþroski ungra barna (tónnæmi þeirra og tónlistarhæfni) afmörkuð færni?

© Tónstofa Valgerðar

# Úrvinnsla tón-/hljóðáreita og fjölþættur áhrifamáttur. Tegund áreitis hefur áhrif á svörun.




World Health Organization Health evidence network synthesis report 67
What is the evidence on the role of the arts in improving health and well-being?
https://apps.who.int/iris/bitstream/handle/10665/329834/9789289054553-eng.pdf




## Aðlögunarhæfni tónlistar.

Þátttöku í henni má t.d. laga að tilfinningum, líkamlegri og andlegri getu …

## Margbreytileiki tónlistar.

Tónlist fylgir okkur í gegnum æviskeiðin öll. Ólíkir tónlistarstílar og mismunandi tónlistarform höfða til okkar.

© Tónstofa Valgerðar

# Nemendahópurinn virkni hans og velferð




Músíkbörnin glíma við áskoranir af ýmsum toga.

- Afleiddar áskoranir:
  skert einbeiting, kvíði, lágt sjálfsmat, erfiðleikar í félagslegum samskiptum.
- Áskoranir tengdar skynúrvinnslu og samþættingu skynáreita (ofurnæmni eða takmarkað næmi):
  sjón, heyrn, ...
- Hreyfitruflanir.
- Áskoranir tengdar minni.
- Skert tjáningarfærni.
- Skertur vitsmunaþroski.

Leikurinn byggir á styrk nemandans og tónrænum áhuga í smástígu ferli framfaraskrefa.

© Tónstofa Valgerðar



Viðfangsefnin leggja grunn að og efla virkni og velferð nemendanna í tónlistariðkun sinni.

Bætt hreyfifærni, aukið úthald og einbeiting, aukinn raddstyrkur, aukin félagsfærni, sterkari sjálfsmynd. …

Aukin meðvitund um eðlisþætti tónlistar: blæ, hljóðstyrk, tónhæð, lagferli, hljóma, hrynjandi, takt, hraða, form og stíl.

Aukið tónnæmi og tónlistarfærni sem leggur grunn að óhefðbundnum eða hefðbundnum hljóðfæraleik.

© Tónstofa Valgerðar

Í samvinnu leysum við úr læðingi meðfætt tónnæmi, meðfæddan drifkraft sem stefnir í átt að aukinni heilsu, auknum þroska, árangri og lífsgæðum.
Við leysum úr læðingi það sem þráir að komast út, það sem þráir að heyrast. Við gefum því form í músíkinni og deilum því með öðrum. Við njótum sigra sem móta og efla sjálfsmyndina og stuðla að virkni og velferð.

© Tónstofa Valgerðar



© Tónstofa Valgerðar



© Tónstofa Valgerðar




© Tónstofa Valgerðar



# TÓNSTOFA VALGERÐAR

Valgerður Jónsdóttir, PhD

www.tonstofan.is
www.instagram.com/tonstofan/
www.facebook.com/tonstofavalgerdar

tonsvj@mmedia.is